



Alþingi
Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2018.

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um Matvælastofnun, 331. mál, 148. lögþ. 2017-18 og frumvarp til laga um breytingar á lögum um matvæli nr. 94/1995 og dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, 330. mál.

Tilv. 2018030001

I

Almennt

Bændasamtökin fengu send til umsagnar annars vegar drög að frumvarpi til laga um Matvælastofnun og hins vegar frumvarp til laga um breytingu á lögum um matvæli nr. 94/1995 og dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998, með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis þann 12. mars sl. Bændasamtökin hafa farið yfir efni þeirra og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

II

Frumvarp til laga um Matvælastofnun

Drög að frumvarpi til nýrra laga um Matvælastofnun voru birt á vef Stjórnarráðsins í júlí 2017 og skiluðu Bændasamtökin inn umsögn. Samtökin vilja ítreka það sem þar kom fram og hefur ekki verið tekið tillit til við samningu frumvarpsins.

Varðandi fyrirhugaðan samráðsvettvang telja samtökin jákvætt að ráðherra fái heimild í hinum nýju lögum til að kveða nánar á um starfsemi samstarfsráðsins í reglugerð. Nauðsynlegt er að tryggja skilvirkni ráðsins en hætta er á að ráðið verði fjölmennt og samstarf þungt í vöfum, sbr. það sem fram kom í fyrri umsögn. Þar kom einnig fram að samtökin telji mikilvægt að raunverulega verði tekið til athugunar að skipa stjórn yfir Matvælastofnun undir forystu fulltrúa ráðherra auk fulltrúa landbúnaðarins, sjávarútvegs og matvælaíðnaðarins.

Að lokum vilja samtökin ítreka það sem fram kom í fyrri umsögn um leiðbeiningarskyldu í samskiptum MAST við bænda. Því gæti til dæmis skipuð stjórn stofnunarinnar fylgt eftir.

III

Frumvarp til laga um breytingar á lögum um matvæli nr. 94/1995 og lögum um á lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998

Ákvæði um frammistöðuflokkun og birtingu hennar, sbr. 1. gr. eru skynsamleg, sem og að gefa aðlögunartíma að breytingunni. Taka mætti þó til athugunar hvort að sérstakur flokkur ætti að vera fyrir ný fyrirtæki í afmarkaðan tíma (t.d. 12-18 mánuði). Þá komi einfaldlega fram að fyrirtækið sé nýtt og hafi ekki enn fengið A, B eða C flokkun. Þá er jafnframt eðlilegt að lög kveði skýrar á um hvaða upplýsingar beri að gefa upp við inngrip í starfsemi sbr. 2. gr., þannig að það sé skýrt bæði frá hendi MAST og þeirra sem sæta eftirliti stofnunarinnar.


Samtökin vilja þó benda á að enn er matskennt hvað er „veruleg takmörkun“ á starfsemi matvælafyrirtækis og telja að það þurfi að skýra í greinargerð með frumvarpinu eða eða í reglugerð sbr. gildandi reglugerð 320/2012.

Bændasamtökin telja rök fyrir breytingu á orðalagi í ákvæðum um sérgreinadýralækna skiljanleg, sbr. 3 gr.frumvarpsins. en leggja áherslu á að sú breyting verði ekki til þess að ábyrgð á verkefnum núverandi sérgreinadýralækna s.s. sóttvarnadýralækni verði óljós innan stofnunarinnar. Verkefni sérgreinadýralækna eru þýðingarmikil fyrir landbúnaðinn og þeim verður að sinna áfram hvernig sem þeim verður fundinn staður í skipuriti MAST.

Bændasamtökin vilja einnig halda sjónarmiðum sem BÍ og SI komu á framfæri við ráðuneytið í desember 2016 vegna dýravelferðarvandamála sem orsökuðust af verkfalli dýralækna 2015. Þetta kom fram í fyrri umsögn þar sem lagt var til að þau yrðu tekin til skoðunar. Samtökin gagnrýna að stjórnvöld hafi ekki enn brugðist við ábendingunum að neinu leyti.

Virðingarfyllst

f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir